



Rangárbíing ytra

Fjárhagsáætlun 2024-2027

Samantekt - Forsendur

Seinni umræða 13. desember 2023

Unnið af Klöru Viðarsdóttur fjármálastjóra

# Forsendur áætlunar

## Útsvar:

Samkvæmt staðgreiðsluáætlun frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er gert ráð fyrir að útsvar hækki um 7,2% milli ára, þ.e. frá endurskoðaðri áætlun 2023. Gert er ráð fyrir að tekjur af útsvari 2024 verði samtals 1.436.749 þús. Miðað er við hámarks útsvarshlutfall 14,74%.

## Fasteignaskattur:

Áætlun fasteignaskatts er samkvæmt áætlunarálagningu úr álagningarkerfi HMS og er þar tekið tillit til hækkana á fasteignamati. Álagningarprósenta í A-flokki lækkar úr er 0,33% í 0,30% en tekjur hækka samt sem áður um 10,7%. Óbreytt álagningarhlutfall hefði skilað 21,7% hækkun á tekjum. Álagningarprósenta er óbreytt í C-flokki 1,5%. Áætluð álagning á Holtamannafrétti hækkar um 3,9% milli ára sem er m.v. hækkun á fasteignamati þar. Ásahreppur sér um álagningu á þessar eignir og þar er álagningarhlutfallið í C-flokki 1,65%. Áætlað er að tekjur af fasteignaskatti hækki um 7,7% milli ára.

## Fasteignaskattur og lóðaleiga 2024

Fasteignaskattur	342.612.000
Lóðaleiga	34.986.000
Virkjanir	137.959.000
	<b>515.557.000</b>

Fasteignaskattur skiptist sem hér segir:

Tegund	Álagning 2024	Hækkun	Álagning 2023
1 Fasteignaskattur almennt	178.222.000	10,7%	161.056.000
2 Fasteignaskattur atvinnuhúsnæði	135.101.000	8,0%	125.041.000
3 Fasteignaskattur opinbert húsnæði	29.289.000	10,6%	27.461.000
	<b>342.612.000</b>	<b>9,3%</b>	<b>313.558.000</b>

## Sorpgjöld:

Sorpgjöld eru áætluð kr 68.687.000 árið 2024. Gjaldskrá fyrir sorphirðu- og sorpeyðingargjöld er óbreytt milli ára.

## Holræsa- og rotþróagjöld:

Álagningarhlutfall holræsagjalda lækkar úr 0,22% af fasteignamati í 0,21% af fasteignamati og eru holræsagjöld áætluð kr. 45.762.000 árið 2024. Hækkun milli ára eru 11,5% en hefði verið 16,8% með óbreyttu álagningarhlutfalli. Rotþróargjöld haldast óbreytt milli ára og eru tekjur af þeim áætlaðar kr. 18.626.000 árið 2024.

## Jöfnunarsjóður:

Framlög jöfnunarsjóðs eru áætluð kr. 553.594 skv. áætlun sjóðsins. Það er hækkun um 13,3% frá viðaukaáætlun 2023.

## Aðrar tekjur:

Gjaldskrár hækka almennt skv. vísitölu neysluverðs eða blandaðri vísitölu launa og neysluverðs.

## Yfirlit yfir tekjur í aðalsjóði

Málafli	Skýring	Skatttekjur	Þjónustutekjur	Tekjur alls
00	Skatttekjur	2.505.900.000		2.505.900.000
02	Félagsmál		4.631.000	4.631.000
04	Fræðslumál		118.345.000	118.345.000
05	Menningarmál		0	0
06	Íþrótt- og æskulýðsmál		147.968.000	147.968.000
07	Almannavarnir		600.000	600.000
08	Hreinlætismál		79.383.000	79.383.000
09	Skipulags- og byggingarmál		38.404.000	38.404.000
10	Samgöngumál		11.053.000	11.053.000
11	Umhverfismál		1.500.000	1.500.000
13	Atvinnumál		6.502.000	6.502.000
21	Sameiginlegir liðir		38.397.000	38.397.000
	<b>Aðalsjóður samtals</b>	<b>2.505.900.000</b>	<b>446.783.000</b>	<b>2.952.683.000</b>

Hér má sjá heildartekjur í aðalsjóði að undanskildum fjármagnstekjum, skipt niður á málaflokka.

## Forsendur launaáætlunar

Heildarlaunakostnaður samstæðunnar án samstarfsverkefna er áætlaður kr. 1.467.012.000 Taflan hér á eftir sýnir skiptingu milli málaflokka. Launakostnaður er áætlaður út frá gildandi kjarasamningum og

áætluðum starfsmannafjölda í hverri stofnun. Flestir kjarasamningar eru lausir frá 1.4.2024 eða 1.6.2024 og er áætluð hækkun launa frá þeim tíma 5%.

	<b>2024</b>
00 Skattekjur	0
02 Félagsmál	16.307.000
04 Fræðslumál	976.699.000
05 Menningarmál	0
06 Íþróttta- og æskulýðsmál	124.961.000
07 Almannaþingarmál	0
08 Hreinlætismál	0
09 Skipulags- og byggingarmál	41.750.000
10 Samgöngumál	0
11 Umhverfismál	2.193.000
13 Atvinnumál	0
21 Sameiginlegir liðir	147.156.000
22 Lífeyrisskuldbinding	6.194.000
Eignasjóður	944.000
Þjónustumiðstöð	135.740.000
Félagslegar íbúðir	0
Suðurlandsvegur 1-3 ehf	15.068.000
Samtals	<hr/> <b>1.467.012.000</b> <hr/>

### Annar rekstrarkostnaður - forsendur

Annar rekstrarkostnaður samstæðunnar án samstarfsverkefna er áætlaður kr. 1.155.233.000. Útgjaldþörf var metin fyrir hverja stofnun/deild og áætlað út frá því en annars gert ráð fyrir 7,5% hækkun rekstrarkostnaðar.

	<b>2024</b>
00 Skattekjur	0
02 Félagsmál	162.269.000
03 Heilbrigðismál	2.685.000

04	Fræðslumál	569.157.000
05	Menningarmál	24.564.000
06	Íþróttta- og æskulýðsmál	313.637.000
07	Brunamál og almannavarnir	48.567.000
08	Hreinlætismál	79.138.000
09	Skipulags- og byggingarmál	82.114.000
10	Samgöngumál	150.144.000
11	Umhverfismál	37.351.000
13	Atvinnumál	22.198.000
21	Sameiginlegir liðir	93.230.000
27	Óreglulegur liðir	
	<b>Aðalsjóður samtals</b>	<b>1.585.054.000</b>
	Eignasjóður	109.796.000
	Þjónustumiðstöð	45.984.000
	Millifærslur A-hluta	-608.805.000
	<b>A-hluti samtals</b>	<b>1.132.029.000</b>
	Félagslegar íbúðir	3.430.000
	Fráveita	37.986.000
	Leiguíbúðir	1.087.000
	Suðurlandsvegur 1-3 ehf	22.882.000
	Rangárljós	9.410.000
	Millifærslur B-hluta	-51.591.000
	<b>A og B hluti samtals</b>	<b>1.155.233.000</b>

## Yfirlit yfir helstu breytingar í hverjum málaflokki

### Málaflokkur 02 – Félagspjónusta

- *Kostnaður málaflokkinn við stendur nokkurn vegin í stað m.v. viðaukaáætlun 2023*
- *Gert er ráð fyrir 25% stöðugildi vegna aðstoðar við nýbúa, 3,1 milljón, sem er nýtt í áætlun.*
- *Fjárhagsaðstoð lækkar um 14% frá áætlun 2023 m.v. stöðu ársins.*
- *Heimþjónusta (þrif) hækkar um 17% skv. áætlun félagspjónustu vegna aukningar á þjónustu.*
- *Kostnaður vegna húsnæðisbóta hækkar um 16% milli ára miðað við stöðu ársins.*
- *Heimþjónusta - akstur í dagvist og akstur með matarbakka hækkar vegna þjónustu í dreifbýli.*
- *Önnur þjónusta við fatlaða lækkar um 23%, aðallega vegna lækkunar á framlögum til Bergrisa sem þarf á minna viðbótarfjármagni að halda vegna aukinna framlaga frá Jöfnunarsjóði/Ríkissjóði.*
- *Aðrir liðir breytast minna eða í samræmi við vísitöluhækkun.*

### **Málaflokkur 03 – Heilbrigðismál**

- Framlög til HES hækka um 6,3% sem er innan við vísitöluhækkun.

### **Málaflokkur 04 – Fræðslumál**

- Framlög til Skólaþjónustu hækka um 17%. Gert ráð fyrir stöðu náms- og starfsráðgjafa hjá skólaþjónustu sem ekki var á áætlun þar 2023 en var þá á áætlun skólanna.
- Kostnaður vegna reksturs Odda bs eykst um 10,7% frá viðaukaáætlun 2023. Þar af hækkar hlutur RY í rekstri Laugalandsskóla um 9,8%, Grunnskólans á Hellu um 14,75% , Leikskólans á Laugalandi um 9,8% og Heklukots um 5,8%.
- Gert er ráð fyrir leikskólavist 2 barna á vorönn í RE. Gert er ráð fyrir svipuðum kostnaði við heimgreiðslur milli ára.
- Aðrir grunnskólar – gert ráð fyrir 3 grunnskólabörnum í Hvolsskóla á vorönn.
- Framlög til Tónlistarskóla hækka um 11%.
- Kostnaður við málaflokkinn eykst um samtals 9,6% milli ára. Aðrir liðir hækka minna eða í samræmi við vísitöluhækkunir.

### **Málaflokkur 05 – Menningarmál**

- Áætlun markaðs-, menningarmála og jafnréttisnefndar færist úr málaflokki 13 yfir í málaflokk 05 þar sem að atvinnumálin hafa verið flutt frá nefndinni til Byggðarráðs og á því nefndin nú frekar heima í þessum málaflokk. Í áætlun nefndarinnar er gert ráð fyrir svipuðum fjármunum og nefndin hafði á árinu 2023 (3 mkr) sem er ætlað í viðburði á vegum nefndarinnar (s.s. kaffi fyrir eldri borgara) og fræðsluskilti.
- Framlög til 17. júní hækka um 25% úr 800 þús í 1 milljón.
- Framlag til Töðugjalda hækkar um 1 milljón frá upphaflegri áætlun 2023 úr 2 milljónum í 3 milljónir kr eða um 50%.
- Kostnaður við ýmsar hátíðir hækkar um 36% sem liggur í vinnu þjónustumiðstöðvar. Vegna Töðugjalda og fl. hátíða þar sem áhaldahúsið kemur að ýmsum undirbúningi og þjónustu á meðan á viðburði stendur.
- Í aðrir styrkir er gert ráð fyrir menningarsjóð að upphæð kr. 500 þús. líkt og fyrra ár.
- Gert ráð fyrir styrk vegna ársfundar Sambands sunnlenskra kvenna.
- Framlag til kirkjugarðs í Þykkvabæ sem er einskiptiskostnaður á árinu 2023 fer út úr áætlun fyrir árið 2024.
- Áætlun fyrir málaflokkinn hækkar um 19,6% frá viðaukaáætlun 2023. Aðrir liðir hækka minna eða í samræmi við vísitöluhækkunir.

### **Málaflokkur 06 – Íþrótt- og tómstundamál**

- Gert ráð fyrir íþrótt- og tómstundafulltrúa sameiginlegum fyrir sveitarfélögin í sýslunni eða sem hlutastarf ef ekki verður samstarf. Áætlaður kostnaður 6,7 mkr.
- Áætlun vegna leikvalla og útivistarsvæða hækkar um 31% þannig að hægt sé að sinna betur viðhaldi á leik- og útivistarsvæðum.
- Kostnaður vegna vinnuskóla hækkar um 14% frá viðaukaáætlun 2023. Gert ráð fyrir fjölgun þar sem stór árgangur er að koma inn.

- Innri leiga sem bókuð hefur verið á íþróttasamfellu færð á íþróttafélög.
- Áætlun félagsmiðstöðvar hækkar um 16%. Þar er gert ráð fyrir tilraunum með aukinn opnunartíma á föstudögum í íþróttahúsi.
- Áætlun vegna íþróttamiðstöðva hækkar lítillega umfram vísitöluhækkunir. Á Hellu er gert ráð fyrir 1 mkr í kaup og uppsetningu á skotklukku. Á Laugalandi er gert ráð fyrir 1 milljón í kaup á sundlaugarryksugu.
- Gert ráð fyrir auknu viðhaldi á íþróttavelli til að hann verði nothæfur til æfinga yfir sumarið.
- Kostnaður við frístundastyrk hækkar um 11%. Gert ráð fyrir vísitöluhækkun styrksins auk kostnaðar við rekstur Sportabler.
- Aðrir liðir hækka í samræmi við vísitölu.
- Heildar hækkun í málaflokknum er 11%

#### **Mála flokkur 07 – Brunamál og almannavarnir**

- Framlög til Brunavarna hækka um 8,5%
- Hækkun á styrk til FBSH vegna vísitöluhækkunar.
- Framlag til Almannavarna stendur í stað.
- Hækkun á mála flokknum 8,4%.

#### **Mála flokkur 08 – Hreinlætismál.**

- Tekjur vegna sorpgjalda standa í stað þar sem gjaldskrá er óbreytt milli ára.
- Tekjur frá Úrvinnslusjóði bættust við á árinu 2023 og er gert ráð fyrir 10 mkr greiðslum á árinu 2024.
- Rekstrarkostnaður og framlög til Sorpstöðvar hækka í samræmi við vísitöluhækkunir.
- Gert ráð fyrir að mála flokkurinn sé rekinn í kringum núllið.

#### **Mála flokkur 09 – Skipulagsmál**

- Áætlað að kostnaður við aðalskipulag lækki um 50% frá viðaukaáætlun 2023 en áætlunin er samt sem áður hærri en upphafleg áætlun 2023. Gert er ráð fyrir að byrjað verði að innheimta gjöld og útlagðan kostnað vegna breytinga af þeim sem óska eftir breytingum.
- Áætlaður kostnaður við deiliskipulag lækkar um 11%.
- Kostnaður vegna byggingarfulltrúa eykst um 40% frá viðaukaáætlun 2023. Gert er ráð fyrir 2,64 stöðugildum út júní og 2,5 stöðugildum eftir það. Gert ráð fyrir að tekjur dragist lítillega saman.
- Í lóðir og lendur er gert ráð fyrir 2,5 milljón í kostnað vegna lagfæringa í og við námu í Aldamótaskógi. Áfram gert ráð fyrir tekjum að vikursölu.
- Aðrir liðir breytast í takti við vísitölu. Heildar hækkun á mála flokknum er 5,8% m.v. viðaukaáætlun 2023.
- **Undir þennan mála flokk færast kostnaður vegna uppkaupa á hesthúsum í gamla hesthúsa hverfinu. Upphaflega var gert ráð fyrir að allur kostnaðurinn myndi falla til á árinu 2022. Áfram frestast hluti af kostnaðinum og nú er gert ráð fyrir 15 mkr á árinu 2024.**

### **Málaflökkur 10 – Umferðar og samgöngumál**

- *Kostnaður vegna samgöngunefndar fellur út. Sameinuð Umhverfis-, samgöngu og hálendisnefnd færir í málaflökk 11.*
- *Áætlun vegna viðhalds á gatnakerfi hækkar í samræmi við vísitölu. Hækkun sem sett var inn á síðasta ári er áfram inni. Gert ráð fyrir viðhaldi á Þrúðvangi fyrir ofan Hellubío og á Dynskálum í framhaldi af því sem lagað var 2022.*
- *Umferðarmerkingar – áætlun hækkaði um 80% fyrir árið 2023. Hækkun heldur sér 2024 auk vísitöluhækkunar. Ekki náðist að klára áttak sem ætlað var í umferðarmerkingum 2023 auk sem sem þorpið stækkar og merkingum fjölgað þar með.*
- *Götulýsing – kostnaðrhækkun sem varð 2023 heldur sér auk vísitöluhækkunar. Gert ráð fyrir áframhaldandi endurnýjun á ljósastaurum.*
- *Viðhald gangstétta og stíga – áætlun hækkar í samræmi við vísitöluhækkunar. Gert ráð fyrir m.a. lagfæringum á göngustíg meðfram Ytri-Rangá.*
- *Snjómokstur áætlaður ca 85% af viðauka áætlun 2023 sem var þungt ár í snjómokstri.*
- *Áætlun vegna þvottaplans lækkar úr 2 mkr í 750 þús.*
- *Aðrir liðir hækka skv. vísitölu. Heildar hækkun í málaflökknum 2%*

### **Málaflökkur 11 – Umhverfismál**

- *Kostnaður vegna Umhverfisnefndar (nú Umhverfis-, samgöngu og hálendisnefnd) hækkar um 337%. Heildarkostnaður er þó ekki að hækka þar sem kostnaður lækkar í málaflökk 10 á móti. Gert ráð fyrir allt að 10 fundum yfir árið þar sem að verksvið nefndarinnar er umfangsmikið og unnið verður að gerð umhverfisstefnu og loftlagsstefnu á árinu.*
- *Kostnaður við umhirðu opinna svæða hækkar líttilega umfram vísitöluhækkunar. Gert ráð fyrir aukningu í áburðarkaupum vegna stækkunar svæða og verkkaupa vegna tæmingar á jarðvegspitt.*
- *Kostnaður vegna refa- og minkaeyðingar hækkar um 40% m.v. stöðu síðustu ára.*
- *Aðrir liðir hækka í takti við vísitölu.*
- *Heildar hækkun í málaflökknum er 18,7%.*

### **Málaflökkur 13 – Atvinnumál**

- *Kostnaður vegna nefndar færir á málaflökk 05.*
- *Kostnaður vegna grænna iðngarða áætlaður 1 mkr.*
- *Gert ráð fyrir hlutdeild í kostnaði við Byggðapróunarfulltrúa, 3,5 mkr.*
- *Rekstri frystihólfa var hætt á árinu 2023 og dettur því út úr áætlun 2024.*
- *Kostnaður vegna fjárgirðinga eykst um 30% sem aðallega er vinna þjónustumiðstöðvar.*
- *Aðrir liðir breytast skv. vísitölu. Kostnaðar við málaflökkinn lækkar um 7%.*



## **Málaflokkur 21 – Sameiginlegur kostnaður**

- *Kostnaður vegna endurskoðunar hækkar um 20% m.v. stöðu 2023. Aukin kostnaður fylgir breytingum á reglugerð vegna samstarfsverkefna.*
- *Kostnaður vegna skrifstofu hækkar um 10% m.v. viðaukaáætlun 2023. Gert er ráð fyrir 40% stöðugildi vegna skjalamála. Gert ráð fyrir kostnaði vegna innleiðingar á opnu bókhaldi, viðbót við One kerfi vegna rafrænna skila á skjalasafn og þjónustukaupum vegna útvistunar persónuverndarmála.*
- *Aðrir liðir breytast skv. vísitölu eða minna. Heildar lækkun í málaflokki er 8,5%*

## **Eignasjóður**

- *Gert ráð fyrir svipuðu fjármagni í viðhald með vísitöluhækkunum.*

## **Þjónustustöð**

- *Gert ráð fyrir auka stöðugildi á meðan á framkvæmdum við nýtt skóla- og leikskólahúsnæði og íþróttasæði á Hellu standur yfir.*

## **Leiguíbúðir**

- *Íbúðir á Laugalandi einu leiguíbúðirnar sem eru eftir.*

## **Félagslegar íbúðir**

- *Óbreyttur rekstur utan vísitölubreytinga.*

## **Fráveita**

- *Gert ráð fyrir að tekjur af holræsagjöldum í þéttbýli hækki um 11% vegna hækkana á fasteignamati en tekjur vegna rotþróagjalds standi í stað þar sem rotþróagjöld eru óbreytt.*
- *Rekstrarkostnaður hækkar í samræmi við vísitöluhækkunir.*

## Fjárfesting 2024

- 20 milljónir áætlaðar í gatnframkvæmdir á Hellu. Ekki gert ráð fyrir að byrja á nýjum götum eða hverfum en fjármunir fara í halda áfram/klára framkvæmdir í Ölduhverfi, sunnan Þjóðveggar og hesthúsahverfi Rangárbökkum. Hægt að nýta hluta af upphæðinni til að tengja göngubrú við göngustíga þorpsins. Um er að ræða nettó upphæð þannig að ef að lóðum er úthlutað á tímabilinu og gatnagerðargjöld eru lögð á þær þá eykst svigrúm til fjárfestinga.
- 880 mkr áætlaðar í skólabyggingu á Hellu. Framkvæmdir við 2. áfanga viðbyggingar við grunnskóla. Reising á burðarvirki, gengið frá þökum, útihurðum og gluggum. Ljúka útboði á verkþáttum lagna, loftræsingar og frágangi innanhúss. Ljúka efniskaupum eins og hægt er. Undirbúa og byrja lagnavinnu á neðri hæð með forgang á austasta hluta hússins, eldhús og sal, ásamt innréttingarvinnu á þeim hluta. Gert ráð fyrir að hægt verði að taka hluta af áfanga 2 í notkun um áramót 2024/2025 eða í síðasta lagi að vori 2025.
- 6,7 mkr (hlutur RY) áætlað í áframhaldandi greiningu á húsnæðisþörf skólafnana á Laugalandi.
- 240 mkr áætlaðar í íþróttasvæði á Hellu. Farið verður í framkvæmdir við gervigrasvöll. Gert ráð fyrir að ljúka jarðvinnu, burðarlagi og lögnum undir gervigras. Eins er möguleiki á að vinna að lagningu á gervigrasi á seinni hluta ársins ef ekkert kemur uppá við jarðvinnu. Árið 2025 væri þá frágangur á umhverfi og lýsingu. Jafnframt gert ráð fyrir að lagfæra kast/stökk svæði sem er við norðurendann á gamla íþróttavellinum.
- 5 mkr áætlaðar í útivistarsvæði/leikvelli. Mun líklega verða notað að hluta sem okkar framlag í framkvæmdir við Fossabrekkur.
- 10 mkr áætlaðar í endurnýjun tækja hjá Þjónustumiðstöð.
- 19 mkr áætlaðar í framkvæmdir hjá Fráveitu. Þar er um að ræða nettó fjárfestingu en reiknað er með amk 20% endurgreiðslu frá ríkinu vegna framkvæmda. Helstu verkefni eru löggn frá nýju iðnaðarhverfi sunnan Þjóðveggar að áætlaðri hreinsistöð sunnan Þjóðveggar.
- 1,5 mkr áætlaðar í fjárfestingu hjá Rangárljósum vegna viðbóta við kerfið.
- Samtals eru 1.161,7 mkr áætlaðar í framkvæmdir hjá A hluta án samstarfsverkefna og 20,5 mkr hjá B hluta á samstarfsverkefna. Framkvæmdir í A og B hluta án samstarfsverkefna eru því samtals áætlaðar 1.182,2 mkr árið 2024.
- **Samstarfsverkefni:**
- Vatnsveita – gert ráð fyrir 41 milljón í nettó fjárfestingu árið 2024. Þar er helsta verkefnið vatnslögn frá Djúpós í Þykkvabæ. Vatnsveitan fjármagnar með veltufé og lántöku. Gert er ráð fyrir 20 milljón kr. lántöku árið 2024. Hlutdeild RY skv. samþykktum færð í áætlun sem samstarfsverkefni í B hluta eru 86,35% eða 35,4 mkr.
- Sorpstöð Rangárvallasýslu – gert ráð fyrir 38 milljónum í fjárfestingu árið 2024. Þar er stærsta verkefnið botnþétting vegna urðunar dýrahæja (25 mkr). Þess fyrir utan er áætlað 5,5 mkr í tækjakaup, 5 mkr í starfsmannaaðstöðu og 2,5 mkr í sorpílát/gáma. Sorpstöðin fjármagnar með veltufé og lækkun á handbæru fé. Hlutdeild RY skv. samþykktum færð í áætlun sem samstarfsverkefni í B hluta eru 44,47% eða 16,9 mkr.
- Brunavarnir – Gert ráð fyrir 8 milljónum í fjárfestingu vegna kaupa á bíl. Hlutur RY 3,6 milljónir.

- Félags- og skólaþjónusta – Gert ráð fyrir 5 milljónum í fjárfestingu vegna kaupa á bíl. Fjármagnað með framlögum sveitarfélaganna. Hluttur RY 1,6 milljónir.